

Númer: 40/2018

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, greiðsluþjónustufyrirtækja og rafeyrisfyrirtækja

Reykjavík, 24. júlí 2018

Tilvísun: 2018070031

Efni: Viðmiðunarreglur evrópsku eftirlitsstofnananna um virka eignarhluti.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttryggingaeftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hafa gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um virka eignarhluti á fjármálamarkaði. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum um mat á virkum eignarhlutum í tilskipunum og reglugerðum sem gilda um starfsemi aðila á fjármálamarkaði. Umrædd ákvæði hafa verið lögfest hér á landi með sérlöggjöf sem gildir um starfsemi fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga. Viðmiðunarreglurnar byggja á grunni eldri sameiginlegra viðmiðunarreglna EBA, EIOPA og ESMA.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, EIOPA og ESMA. Í 16. gr. allra reglugerðanna, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnananna. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur evrópsku eftirlitsstofnananna munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglur evrópskra eftirlitsstofnananna við eftirlitsframkvæmd.

Viðmiðunarreglur EBA, EIOPA og ESMA um virka eignarhluti á fjármálamarkaði útfæra nánar ákvæði í VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og X. kafla laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Um virka eignarhluti í rafeyrisfyrirtækjum og greiðsluþjónustufyrirtækjum fer eftir VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris og 9. mgr. 15. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu. Fjármálaeftirlitið beinir því til framangreindra aðila að kynna sér þessar viðmiðunarreglur, sem verða aðgengilegar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, og taka mið af þeim í starfsemi sinni.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

Viðmiðunarreglur EBA um mat á virkum eignarhlut <https://esas-joint-committee.europa.eu/Pages/Guidelines/Joint-Guidelines-on-the-prudential-assessment-of-acquisitions-and-increases-of-qualifying-holdings-in-the-banking.-insuranc.aspx>

Virðingarfyllt,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Björk Sigurgísladóttir


Guðrún Inga Guðmundsdóttir